

39. Pettypiece, Victoria Ayn, verkakona í Vestmannaeyjum, f. 21. september 1954 í Englandi.
40. Silud, Merlita Maguicay, iðnverkakona í Reykjavík, f. 8. maí 1957 á Filippseyjum.
41. Smith, Marlisa Jean, aðstoðarmaður í Reykjavík, f. 21. janúar 1963 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
42. Telli, Elife, verkakona í Hafnarfirði, f. 15. maí 1965 í Tyrklandi.
43. Ulloa, Jose Gregorio Cruz, myndlistarmaður í Reykjavík, f. 27. nóvember 1961 í Kólumbíu.
44. Vaca, Eduardo Perez, aðstoðarmatsveinn í Reykjavík, f. 3. desember 1965 á Spáni.
45. Villegas, Helen Santasingh, húsmóðir í Austur-Landeyjum, f. 23. apríl 1959 á Filippseyjum.
46. Þórdís Sína Pétursdóttir, verkakona í Keflavík, f. 16. júlí 1967 í Keflavík.
47. Þórhildur Sýlvía Magnúsdóttir, húsmóðir í Keflavík, f. 18. febrúar 1971 í Þýskalandi.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 43 4. júní 1985,
um Verðlagsráð sjávarútvegsins.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Verð á öllum tegundum fersks sjávarafra, úrgangsfiski og fiskúrgangi, sem seldur er hér á landi, skal ákveðið með frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda eða með sölu á uppboðsmarkaði, sbr. lög nr. 123 28. desember 1989.

Verðlagsráði er þó heimilt með meiri hluta atkvæða að ákveða lágmarksverð einstakra tegunda sjávarafra fyrir tiltekið tímabil.

2. mgr. 8. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð kveður sjálft á um verðlagstímabil.

3. gr.

10. gr. laganna falli niður og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu frá birtingu laga þessara og til 31. desember 1992 er Verðlagsráði, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 43 4. júní 1985, með meirihlutaákvörðun heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálssa. Á þessu tímabili skal yfirnefnd ákveða lágmarksverð á tegundum sem vísað hefur verið til hennar og er yfirnefndinni ekki heimilt að gefa verðlagningu frjálssa.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „300.000“ í 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: 328.500.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr máslíður er orðast svo: Þó fellur þessi heimild niður ef skuldaviðurkenning er seld á þeim tíma sem heimilt er að dreifa söluhagnaði.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Þegar skattskyldum söluhagnaði er dreift samkvæmt þessari grein skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingastuðli, sbr. 26. gr., fram til þess árs sem hann er tekjufærður.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðanna „115.000“ og „230.000“ í 1. másl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 126.000 og 252.000.
- b. Í stað fjárhæðanna „86.000“ og „172.000“ í 2. másl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. kemur: 94.000 og 188.000.
- c. Í stað fjárhæðanna „18.200.000“ og „36.400.000“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: 21.000.000 og 42.000.000.